

eitthvað líkt því. Það er ekki gildi mentunarinnar sjálfrar, sem við erum að hugsa um svona yfirleitt, heldur notin, sem má hafa af henni til þess að bæta lífskjörin. Mentunin út af fyrir sig hefur víst heldur smátt gildi í augum okkar flestra. Þetta sést best af því hvaða augum er alment litið á barnaskólamentunina. Það er nóg að krakkarnir læri málið, enskuna; því hún er fyrsta og helzta skilyrðið til þess að komast áfram. Margir íslenskir foreldrar láta börn sín alveg hætta við barnaskólanám, þegar þau eru búin að læra svo mikið í málinu að þau geta bjargað sér. Og sjaldnast er það gert út úr neyð, þó að það geti stundum átt sér stað, heldur af eintómu hirðuleysi og skilningsleysi. Fólk kann ekki að meta gildi almennrar mentunar fyrir andlegan þroska og "karakter"-myndun barnanna. Og við því er heldur ekki að búast, því það er vant við þá skoðun, að öll mentun sé undirbúningur fyrir einhverjar stöður og ekkert annað.

Sami misskilningurinn á sér stað viðvíkjandi því sem nefnt er hærri mentun. Það að ganga á hærri skóla á að vera lykill að einhverjum atvinnugreinum, sem eru lokaðar fyrir almenningi. Mentunin er góð ef hún hjálpar mönnum til að "komast áfram," ef hún lofar gulli og grænum skógum í framtíðinni; annars er hún lítils virði, ef ekki gagnslaus. Svona